

8. TÍMINN, 27.apríl 1945.
Bókmenntir og listir.
"Austantórir". Sunnlensk
reynsluvísindi. Höfundar
ekki getið.



„Austantórir“

Sunnlenzk reynsluvísindi.

Nú fyrir nokkru kom út bók, sem vert er að vekja athygli á. Eru það „Austantórir“ eftir Jón Pálsson, fyrrverandi banka-



Jón Pálsson

gjaldkera, búin undir prentun af Guðna Jónssyni magister og gefin út af Víkingsútgáfunni.

Raunar er hér aðeins um að ræða fyrsta bindi af mjög stóru safni.

Jón Pálsson er fæddur í lág-sveitum Árnessýslu og dvaldi þar allan fyrri hluta ævi sinnar. Beitti hann sér þar ungur fyrir margvíslegum menningar- og

framfaramálum, stofnaði sjó-mannaskóla í héraðinu, er rek-inn var um tólf ár, gerðist brautryðjandi í tónlistarmálum og mörgu fleira, jafnframt því sem hann hafði barnakennslu og verzlunarstörf og ýmislegt annað með höndum.

En Jón var eljumaður mikill og vannst honum því tími til ýmskonar ritstarfa, og meðal annars hélt hann úti handskrif-uðum blöðum í sýslunni um langt skelið. Jafnhliða þessu tók hann að safna margs konar fróðleik og hefir haldið því verki áfram allar götur síðan um langa ævi. Árangurinn af þess-um þætti í merkilegu ævistarfi Jóns, er svo ritsafnið, er nú er byrjað að gefa út og vikið var að hér að ofan, og er, að sögn þeirra, sem þekkja best til, hið merkasta, svo sem þetta fyrsta bindi ber vitni um.

Í formála þess segir svo um rit Jóns:

„Handrit hans eru nú orðin geysimikil að vöxtum og um harla sundurleit efni. En magn þeirra og megin eru þó hin þjóðlegu fræði. Þar sitja í fyrir-rúmi þættir af merkum eða einkennilegum mönnum, frá-sagnir af ýmsum sögulegum at-burðum, vinnubrögðum til sjáv-ar og sveita, ýmiss konar þjóð-

hátum og þjóðtrú og alþýðleg-um reynsluvísindum. Þar er og allmargt þjóðsagna, sem elgi eru til annars staðar. Skritlur af ýmsu tagi skipta þúsundum. Yfirleitt er safn þetta svo auð-ugt, að ekki sér högg á vatni, þótt af sé numið eitt hefti sem þetta.“

Efni þessa fyrsta bindis er tvíþætt. Í fyrsta lagi eru þar þættir af þrem nafkunnum Árnesingum, er uppi voru á 18. og 19. öld, þeim Brandi Magnús-syni í Roðgúl, Kolbeini Jóns-syni í Ranakoti og syni hans, Þorleifi ríka á Stóru-Háeyri, er í æsku sinni var svo snauður og umkomulaus, að húsbóndi hans rak hann á vergang, en varð síðar einn ríkasti maður á la-

(Framhald á 6. síðu)

Bókmenntir og listir

(Framhald af 3. síðu)

hér og lét eftir sig rösklega 100 þúsund krónur í jarðagóssi, skuldabréfum, peningum og lausafé, er hann andaðist nær hálf-níráður árið 1882.

Í öðru lagi er svo sá kafli bókarinnar, sem nefnist Veðurmerki og veðurspár í Árnassýslu. Er þar samandreginn furðulega mikill fróðleikur um allt, sem gömlu, sunnlensku veðurspámenirnir höfðu sér til leiðbeiningar og glöggvunar á landi og sjó og í lofti — sannnefnd reynsluvísindi alþýðunnar á Suðurlandi. Er það ærið margt, sem til greina kom — vindafar, skýjamyndanir, sjólag, hátterni fugla og dýra og hin margvíslegustu náttúrufyrirbæri. Jafnvel móðan á gluggunum, uppbelgingur í lækjum og ósum, hljóðið í goshverunum, bláminn á ljáblaðinu, reykjarlopin upp úr eldhússtrompinum og ólgan í skyr-sánum var tekið til greina, þegar spáð var veðri.

Mætti mörgum þeim, sem ganga athugunarlaust sínar götur, án þess að sjá neitt nýstárlegt eða skoðunarvert, hvað þá, að þeir láti sig renna grun í, hvað hin óteljandi blæbrigði náttúrunnar, lifandi og dauðrar, kunna boða, þykja sá heimur, sem Jón Pálsson sýnir hér inn í, allmerkilegur og auðugur. Og hvort sem allt það, sem gömlu, veðurglöggu formennirnir og bændurnir höfðu til marks um veðurlíkindi, fær staðizt eða ekki, þá verður því ekki neitað, að þeir bjuggu oft yfir ótrúlegum næmleik og höfðu proskað svo athyglisgáfu sína á þessu sviði, að undrum sætir. Hér hefir verið reynt að bjarga frá

glötun speki þessara reyndu manna í einu héraði landsins.

Eitt er það og, sem vert er að geta, að þetta ritsafn Jóns er mjög auðugt að orðum og orðatiltækjum, sem lifað hafa á vörum alþýðufólksins eystra í daglegri önn þess og lífsbaráttu, enda mun höfundurinn eiga í förum sínum mikið safn orða, sem ekki eru til í orðabók Sigmundar Blöndal og mörg hver hafa aldrei verið bókfest.

Þetta fyrsta bindi af „Austan-tórum“ er tíu arkir að stærð, 160 blaðsíður í stóru broti. Kostar það 18 krónur.

Ráðgert er, að út komi fyrst um sinn að minnsta kosti eitt slíkt hefti á ári hverju. En allt er óvíst enn, hve mörg heftin verða. Ber útgefandanum, Ragnari Jónssyni, heiður fyrir að hafa ráðizt í útgáfu þessa safns af miklum myndarskap, og höfundinum, hugsjóna- og eljumanninum, sem verður áttæður nú síðsumars í ár, mun þetta ritsafn lengi þykja veglegur minnisvarði.